

Alþingi  
Erindi nr. P 127/344  
komudagur 5.12.2001



## HEYRNAR- OG TALMEINASTÖÐ ÍSLANDS

Háaleitisbrúar 1, 105 Reykjavík, Sími: 581 3855, Bréfasími: 568 0055, Netfang: postur@ht.is

Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2001

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu


Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands (HTÍ) hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Almenn ánægja er með breytingartillögurnar og þær taldar vera til bóta fyrir málaflokkinn og þá sem þurfa á þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands að halda. Sérlæg um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands kunna að hafa átt þátt í að stöðin hefur einangrast faglega á undanförunum árum og það er talinn styrkur að fella löginn inn í lög um heilbrigðisþjónustu.


Ýmsir gallar hafa verið nefndir varðandi það stjórnfyrikomulag HTÍ sem í gildi hefur verið, þar sem dæmi eru um að hagsmunir stöðvarinnar og stjórnarmeðlima hafi skarast. Stjórn HTÍ telur tilkomu fagráðs vera jákvæða og bendir jafnframt á mikilvægi þess að tryggja breidd í þekkingu þeirra sem þar munu sitja. Stjórn HTÍ telur afar mikilvægt að lagabreyting sú sem framundan er, muni gera það að verkum að þjónusta við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein verði bætt. Miklu skiptir að aðföng til stöðvarinnar svo og vinnuaðstaða verði með þeim hætti að svo megi verða. Stjórn telur jafnframt að vanda þurfi orðaval í nýjum lögum til að koma í veg fyrir misskilning og rangtúlkanir.

Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands mælir með því að frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, Heyrnar- og talmeinastöð verði samþykkt.

Við erum að sjálfsgöðu fús til að mæta á fund heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,

  
Jóhannes Pálmason  
formaður stjórnar

  
Sigríður Snæbjörnsdóttir  
framkvæmdastjóri